

136
7. júní

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil,
nr. 35 16. apríl 1934.

1. gr.

Í stað orðanna „20. september“ í 19. gr. reglugerðarinnar komi: mánudaginn í 22. viku sumars.

2. gr.

2. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Þeir, sem flytja inn í sýsluna eða taka upp ný mörk milli þess sem markaskrá er prentuð, skulu, er þeir hafa fengið leyfi markadóms fyrir markinu, auglýsa það fyrir fjallskilastjórum.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Palmason.

137
7. júní

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu frá 1. maí 1929.

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. sýsluvegasamþykktarinnar orðist svo:

Þessir eru sýsluvegir Mýrasýslu:

1. Gilsbakkavegur: Frá Hellisgili fyrir sunnan Gilsbakka að Barnafossbrú.
2. Hvítársíðuvegur: Frá Bjarnastöðum að Fljótstungu.
3. Þverárhliðarvegur: Frá Borgarfjarðarbraut um Arnbjargarlæk, Karlsbrekku og Þverárrétt að Kvíum.
4. Selhagavegur: Frá Kleifavegi að Selhaga.
5. Laugalandsvegur: Frá Borgarfjarðarbraut í Þverbrekku að Laugalandi.
6. Stafholtsvegur: Frá Þverbrekku að Flóðatanga.
7. Ferjubakkavegur: Frá Borgarnesbraut hjá Brennistöðum um Ferjubakka á Hvítárbraut á Steinsás.
8. Arnarstapavegur: Frá Borgarfjarðarbraut fyrir ofan Galtarholt að Litla-Fjalli.
9. Grímsstaðavegur: Frá Stykkishólmsvegi að Urriðarbrú að Syðri-Hraundal.
10. Hofsstaðavegur: Frá Vogalæk að Álfjárósi.
11. Álfanesvegur: Frá Álfanesshreppsvegi hjá Bólinu að Álfanesi.
12. Staðarhraunsvegur: Frá Raftás við Stykkishólmsveg að Hitardal.
13. Einholtavegur: Frá Stykkishólmsvegi hjá Fíflholtum um Einholt að Stóra-Kálfalæk.

2. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt nr. 62 8. júní 1937, um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Mýrasýslu frá 1. maí 1929.